



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Ársskýrsla 2021



ÖRYGGI

SAMVINNA

FRAMSÆKNI





Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri, maí 2022

Ábyrgðarmaður: Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri

Umsjón og umbrot: Sjúkrahúsið á Akureyri

Prófarkarlestur: FREMRI Almannatengsl

Ljósmyndir: Sjúkrahúsið á Akureyri, Barbara Ruth Heß, Skapti Hallgrímsson

Efnisyfirlit

Mikilvæg heilbrigðisstofnun í fremstu röð	4
Árið á sjúkrahúsinu	6
Markvert á árinu	7
Gjafir á árinu	8
Gæðavísar og framtíðarsýn	9
Tölulegar upplýsingar	10
Skipurit SAK 2021	15
Ársreikningur	17





Mikilvæg heilbrigðis- stofnun í fremstu röð

Að baki er enn eitt viðburðaríka starfsárið í starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri (SAK), sem markað var af áhrifum Covid-19 faraldursins. Lærdómur og reynsla tengd faraldrinum skilaði sér í fumlausum og faglegum vinnubrögðum við

breyttum aðstæðum hverju sinni. Áhrifin á starfsemi voru greinileg þegar toppar komu í faraldurinn með röskun á starfsemi dag- og göngudeilda, frestun valaðgerða á skurðstofum með óhjákvæmilegum áhrifum á lengingu biðlista og biðtíma. Almennu gekk vel að veita nauðsynlega bráðþjónustu, þrátt fyrir gríðarlega mikið álag á starfsfólkið okkar. Má þar mestu þakka sveigjanleika og fórnfýsi starfsmanna við krefjandi aðstæður og verður þeim seint fullþakkað. Áfram reyndi því á samvinnu og samráð innan sem utan stofnunarinnar, öllum til hagsbóta.

Forstjóraskipti átti sér stað 1. september þegar Bjarni S. Jónasson, forstjóri, lauk störfum og undirrituð tók við.

Tækninýjungar og stofnun fagráðs

Þrátt fyrir Covid-19 faraldurinn gerðist ýmislegt annað. Innleiðing á Microsoft 365 skýjaumhverfinu hélt áfram og sá upplýsingatæknideild sjúkrahússins um rekstur og stjórnun á M365 umhverfi annarra heilbrigðisstofnana á landinu. Samhliða því var hafist handa við innleiðingu á löngu tímabæru mála- og skjalakerfi fyrir sjúkrahúsið og vann verkefnastjórn að innleiðingu skjalakerfa heilbrigðisstofnana á landsvísu undir okkar stjórn. Mikill kraftur var settur í að ljúka við innleiðingu á Qlik gagnagreiningarhugbúnaðinum þar sem mælaborðum var fjölgað og úrvinnsla gagna þannig sett fram á nýjan máta.

Í framhaldi af breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og nýrri reglugerð um heilbrigðisumdæmi og hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa nr. 1111/20, var stofnað fagráð við sjúkrahúsið, skipað af forstjóra. Hlutverk fagráðsins er fyrst og fremst að vera álitsgjafi forstjóra og framkvæmdastjórnar um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag stofnunarinnar.

Fjölbreytileg verkefni

Í lok árs fékk sjúkrahúsið endurnýjaða alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni auk endurnýjunar á gæðastaðlinum ISO 9001:2015. Til viðbótar var unnið að endurnýjun upplýsingatæknivottunar ISO 27001 og jafnlaunavottunar.

Skrifað var undir samning við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustutengda fjármögnun SAK í desember 2021 en frá og með 1. janúar 2023 verður klínísk starfsemi sjúkrahússins fjármögnuð í samræmi við umfang veittrar þjónustu. Í gangi er mikil vinna til að koma á verklagi sem styður við framkvæmd slíkrar fjármögnunar.

Stytting vinnuvikunnar, sem kom til á árinu 2021 hjá flestum starfsstéttum bæði í dagvinnu og vaktavinnu, er ein af þeim aðgerðum sem samrýmist því markmiði okkar að vera heilsuefflandi vinnustaður. Meginmarkmiðið með styttingu vinnuvikunnar var að stuðla að umbótum í starfsemi, bæta vinnustaðamenningu og auka samræmingu vinnu og einkalífs án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Það verkefni hefur verið krefjandi og enn á eftir að sjá endanlegan árangur.

Aukin fjárframlög þarf til að sporna við hallarekstri

Rekstur sjúkrahússins á árinu var markaður af baráttunni við Covid-19 faraldurinn sem hafði margvísleg áhrif á starfsemina. Halli hefur verið á rekstri sjúkrahússins og ljóst er að snúa þarf þeirri þróun við. Sjúkrahúsið var rekið með 146,9 m.kr. halla á árinu 2021 og er reksturinn því mikil áskorun. Nauðsynlegt er að fjárframlög verði aukin til að tryggja aðgengi að öruggri heilbrigðisþjónustu í samfélaginu. Leitað er leiða til að ná niður hallarekstri stofnunarinnar en á sama tíma er mikilvægt að halda áfram að efla þjónustuna við íbúa samfélagsins, í takt við þarfir þeirra.

Hlýhugur og samstaða

Það er ómetanlegt að finna hversu mikils velvilja og stuðnings sjúkrahúsið okkarnýtur í samfélaginu. Þetta endurspeglast bæði í trausti til stofnunarinnar skv. nýlegri könnun Gallup sem og í þeim gjöfum sem okkur berast. Hollvinir sjúkrahússins og aðrir velunnarar komu færandi hendi á árinu með alls kyns búnað sem gerir okkur enn betur kleift að sinna þeim sem þurfa á þjónustu sjúkrahússins að halda. Minningar- og styrktarsjóður Heimahlynningar keypti hús við Götu Sólarinnar við Kjarnaskóg en þar á að veita fólki með langt gengna sjúkdóma sérhæfða líknar- og lífslokameðferð. Reksturinn er




samstarfsverkefni HSN og SAK. Í lok árs fengum við svo 290 m.kr. fjármagn frá heilbrigðisráðuneytinu til kaupa á tveimur sneiðmyndataekjum, sem keypt verða á árinu 2022, en tímabært er að uppfæra núverandi tæki. Ég vil því þakka öllum þeim sem hafa lagt okkur lið, Hollvinum sem öðrum. Hlýhugurinn og samstaðan birtist okkur í ótal myndum og eru ómetanleg.

Mikilvæg heilbrigðisstofnun í fremstu röð

Það mikla starf sem unnið er á stofnunni hefur styrkt sjúkrahúsið enn frekar í sessi sem mikilvæga heilbrigðisstofnun í fremstu röð. Framundan eru áskoranir í að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er í samfélaginu og fylgja eftir þeim góðu markmiðum sem sett eru fram í heilbrigðisstefnu stjórnvalda en áskoranir er einmitt yfirskrift ársfundar 2022. Við fögnum þeim árangri sem náðst hefur og munum kappkosta að gera enn betur á komandi misserum, með öryggi og vellíðan sjúklinga og starfsfólks að leiðarljósi. Mikilvægt er að horfa björtum augum til framtíðarinnar og vera með skýra framtíðarsýn. Sjúkrahúsið á Akureyri hefur alla burði til að vera áfram framsækin stofnun og í fararbroddi á sínu sviði.

Ég er stolt af því að tilheyra þessum öflugra hópi sem hér starfar. Ég þakka stjórnendum og starfsmönnum sjúkrahússins samstarfið á árinu.

Hildigunnur Sv.
Hildigunnur Svavarsdóttir, forstjóri





Árið á sjúkrahúsinu

Á árinu voru laun og launatengd gjöld 8.454,7 m.kr. og var 751,1 m.kr. hækkun á milli ára. Alls störfuðu 960 einstaklingar við sjúkrahúsið, 7 fleiri en árið áður. Karlar voru 170 og konur 790. Setnar stöður voru að meðaltali 561,6 og fjölgaði um 44,4 stöður á milli ára. Árslaun á hverja stöðu voru að meðaltali 12,0 m.kr. Önnur gjöld, fyrir utan laun og afskriftir, námu 2.735,6 m.kr. Verðmæti gjafa í ársreikningi nam 18,5 m.kr. Tekjur að frádregnu framlagi ríkissjóðs og gjafa námu 1.050,7 m.kr. og er það 324,2 m.kr. króna hærri fjárhæð en árið 2021. Heildarútgjöld vegna reksturs hækkuðu um 14,4% á milli ára og voru 11.190,1 m.kr. samanborið við 9.785,3 m.kr. árið áður. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 146,9 m.kr.

Starfsemi

Komum sjúklinga á dagdeildir fjölgaði um tæp 24% milli ára og voru 7.268. Framkvæmdar voru 473 gerviliðaaðgerðir samanborið við 331 árið áður og nemur aukningin 43%. Farin voru 30% fleiri sjúkraflug en árið áður og voru flugin 807 en hlutfall sjúkraflugs með lækni um borð lækkaði úr 55% í 45% alls sjúkraflugs. Almennum rannsóknum fjölgaði um tæp 20% á milli ára sem og myndgreiningum sem fjölgaði um 23% milli ára. Skurðaðgerðum fjölgaði um 11% á milli ára og var 3.181 aðgerð framkvæmd á árinu, að gerviliðaaðgerðum meðtöldum. Legudagar voru 28.384 og fjölgaði um 11% á milli ára. Dvölum á legudeild fjölgaði um 22% og voru 6.330 á árinu. Í heildina voru sjúklingar 13.598 talsins, þar með taldir þeir sem komu á innritunarmiðstöð og á dagdeildir, og fjölgaði um 22% frá fyrra ári. Meðallegutími var 4,5 dagar sem er stytting um 0,4 dag frá fyrra ári. Fæðingum fjölgaði um tæp 26% á milli ára en á árinu fæddu 488 konur 491 barn. Viðtölum lækna á göngudeildum fjölgaði um tæp 16% og voru 13.666 á árinu. Þá fjölgaði komum í aðra göngudeildarstarfsemi um 8% og voru 12.577.

Framkvæmdir

Sjúkrahúsið fékk úthlutað 45 m.kr. sem hluta af fjárfestingarátaki við endurbætur húsnæðisins og var fjárfest í byggingu hjólaskýlis við D inngang sjúkrahússins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru nú eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á átæluðum notkunartíma. Heildarupphæð fjárfestinga sjúkrahússins í varanlegum rekstrarfjármunum nam 260,5 m.kr. Þar af nam fjárfesting í húsnæði 97,9 m.kr. með framangreindri fjárfestingu í hjólaskýli. Fjárfesting vegna minni búnaðar nam 35,5 m.kr., fjárfesting vegna stærri búnaðar 95,4 m.kr., fjárfesting vegna hugbúnaðar nam 15 m.kr. og í tækjabúnaði tengdum Covid-19 faraldrinum 16,8 m.kr. Til viðbótar framangreindum fjárfestingum var umfang gjafa Hollvina sjúkrahússins og Gjafasjóðs 18,3 m.kr. og því nam fjárfesting ársins í tækjabúnaði og húsnæði samtals 278,8 m.kr.

Gjafasjóður og Hollvinir

Gjafasjóður er með eigin skipulagsskrá og kennitölu. Stjórn sjóðsins er skipuð stjórnarmeðlimum Hollvinasamtaka SAK. Hlutverk sjóðsins er að taka við gjafafé sem berst sjúkrahúsinu. Fjármunum sjóðsins er varið til kaupa á lækningatækjum og öðrum búnaði í þágu sjúklinga. Sjúkrahúsinu bárust gjafir frá Gjafasjóðnum að upphæð 9,4 m.kr. á árinu. Stærstu gjafirnar voru hitaborð fyrir barnadeild, hitadýna og vagma fyrir barnadeild og hjúkrunarrúm fyrir íbúð Heimahlýnningar.

Auk tækjabúnaðar sem keyptur var í gegnum Gjafasjóð bárust stofnuninni tækjagjafir frá Hollvinasamtökunum og öðrum velunnurum fyrir 8,9 m.kr. Stærstu gjafirnar voru þrjú ný barnaborð/endurlifgunarborð fyrir nýbura og eru þau staðsett á fæðingadeild, barnadeild og svæfingadeild.

Bókfært verð tækjabúnaðar sem stofnuninni var gefinn á árinu er því alls 18,3 m.kr.





Markvert á árinu

Janúar

- Nýtt fimm manna fagráð sjúkrahússins skipað.

Febrúar

- Innleiðing HR monitor mannauðsmælingakerfis hefst.

Mars

- Fræðslufundur almennu göngudeildarinnar.

Apríl

- Sjúkrahúsið tekur þátt í stofnun heilbrigðis- og velferðarklasa Norðurlands.
- Framkvæmdir við byggingu nýrrar hjólageymslu hefjast.

Mái

- Ársfundur Sjúkrahússins á Akureyri.
- Barna- og unglíngageðteymi færirst undir svið geðlækninga.

Júní

- Staða forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri auglýst til umsóknar.

Júlí

- Sumarleyfi í hámarki.

Ágúst

- Bjarni S. Jónasson forstjóri lætur af störfum 31. ágúst.

September

- Hildigunnur Svavarsdóttir tekur við stöðu forstjóra Sjúkrahússins á Akureyri frá og með 1. september.
- Þjónustukönnun Gallup fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri framkvæmd.

Október

- Minningar- og styrktarsjóður Heimahlynningar afhendir húsnæði í Götu sólarinnar.
- Oddfellowstúkan Laufey nr. 16 afhendir milljóna króna gjöf til húsnæðisakaupa í Götu sólarinnar.
- Hollvinasamtök SAK afhenda þrjú ný endurlífgunarborð til notkunar á barnadeild, fæðingadeild og svæfingadeild.

Nóvember

- Úttekt DNV-GL á starfsemi og gæðakerfi sjúkrahússins.
- Sjúkrahúsið fær 290 milljónir króna til kaupa á tveimur sneiðmyndataekjum.
- Úttekt á upplýsingatæknikerfum eftir skilyrðum ISO 27001 staðalsins.

Desember

- Samningur um þjónustutengda fjármögnun sjúkrahússins undirritaður.
- Úttekt á jafnlaunavottun sjúkrahússins.



Bjarni Jónasson fráfarandi forstjóri afhendir Hildigunni Svavarsdóttur lykilinn að sjúkrahúsinu. Ljósmynd - Skapti Hallgrímsson.



Gjafir á árinu

Að vanda bærust sjúkrahúsínu góðar gjafir frá velunnurum og félagasamtökum í samfélaginu. Við þökkum þann velvilja og hlýhug í garð SAK sem gjafirnar endurspeglar.

Óðinssvæði Kiwanis gaf barnadeild hitadýnu og vöggu að gjöf.

Styrktarsjóður ELKO gaf barnadeild leikjatölvu ásamt leikjum og fylgihlutum.

Fjölskylda Evu Bjargar Skúladóttur færði almennri göngudeild 250.000 króna gjöf úr Evu-sjóði sem stofnaður var í minningu hennar. Gjöfin er ætluð til kaupa á meðferðarvagni.

Guðrún Gísladóttir og börn hennar gáfu lyflækningadeild rafmagnsrúm og dýnu í minningu Ágústar Guðmundssonar, eiginmanns Guðrúnar.

Sumarbumbur á Akureyri og Norðurlandi gáfu fæðingadeild nuddtæki fyrir starfsfólk og mjóbakshitara fyrir konur. Þá færði mömmuhópur á Akureyri starfsfólki peningagjöf að upphæð 80.000 kr.

Aðstandendur Kristjáns Júlíussonar gáfu almennri göngudeild ferða-súrefnissíu til afnota fyrir skjólstæðinga Heimahlynningar.





Gæðavísar

MEGINÁHERSLUR	MÆLIKVARÐAR	2020	2021	Markmið 2021
Árangursmiðuð þróun þjónustu	Biðtími sjúklinga eftir gerviliðaaðgerð (dagar frá ákvörðun um meðferð)	150	124	<90
	Biðtími sjúklinga eftir magaspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð)			
	<i>Forgangur A</i>	< 14	19	< 14
	<i>Forgangur B</i>	< 28	50	< 28
	<i>Forgangur C</i>	< 90	75	< 90
	Biðtími sjúklinga eftir ristilspeglun (dagar frá ákvörðun um meðferð)			
	<i>Forgangur A</i>	< 14	19	< 14
	<i>Forgangur B</i>	< 28	90	< 28
	<i>Forgangur C</i>	< 90	120	< 90
	Biðtími sjúklinga eftir viðtali og skoðun hjá bæklunar-skurðlækni (dagar)	129	166	< 30
Biðtími sjúklinga eftir viðtali við geðlækni (dagar)	25	-	< 30	
Ánægja sjúklinga (skali 1-10)	9,5	9,2	> 9	
Framúrskarandi gæði og öryggi	Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift	9,2%	8,3%	< 7,5%
	Spítalasykingar	4,3%	3,8%	< 5%
	Byltur með afleiðingum fyrir sjúkling (pr. 1.000 legudaga)	0,71	0,46	< 0,50
	Fjarvera starfsmanna vegna vinnuslysa (ársverk)	0,10	0,06	< 1
Hámarks skilvirkni	Meðallegutími bráðadeilda (dagar)	3,8	3,8	< 3,5
	Biðtími eftir þjónustu læknis á bráðamóttöku (mín)	42	38	< 40
	Rekstrarafkoma m.v. fjárlög (frávik)	0,1%	-1,3%	0%
Markviss kennsla og vísindastarf	Ánægja nema (skali 1-5)	4,75	4,7	> 4,5
	Fjöldi birtra vísindagreina	23	26	15
Öflugir starfsmenn	Ánægja starfsmanna (skali 1-5)	-	4,05	> 4,30
	Veikindahlutfall	6,7%	6,4%	< 5%
	Starfsmannavelta*	7,0%	5,6%	< 10%
	Námsleyfisstundir lækna pr. stöðugildi	-	20,1	-
Rík samfélagsábyrgð	Traust samfélagsins til SAK	90%	88%	> 85%
	Staða í grænum skrefum	1	2	4

FRAMTÍÐARSÝN 2027

Sjúkrahúsið á Akureyri veitir sérhæfða heilbrigðisþjónustu og er vettvangur kennslu og rannsókna á heilbrigðisviði

SAK FYRIR SAMFÉLAGIÐ

SJÚKRAHÚSIÐ ER EFTIRSÓKNARVERÐUR VINNUSTAÐUR



SJÚKRAHÚSIÐ HEFUR SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ AÐ LEIÐARLJÓSI

SJÚKRAHÚSIÐ ER FJÁRMAGNAÐ Í TAKT VIÐ ÞJÓNUSTUNA

SJÚKRAHÚSIÐ ER HÁSKÓLASJÚKRAHÚS MEÐ GÆÐAVOTTADA STARFSEMI

ÖRYGGI

SAMVINNA

FRAMSÆKNI



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL



Tölulegar upplýsingar

Fjöldi sjúklinga og dvalardaga, samanburður milli ára

	Fjöldi þjónustu- rýma	Dvalardagar				Sjúklingar (dvalir)			
		2021	2020	Mism.	%	2021	2020	Mism.	%
Skurðlækningadeild	18	6.215	5.279	936	17,7	2.069	1.590	479	30
Fæðingadeild	8	2.027	1.807	220	12,2	1.127	926	201	22
<i>þar af nýburar</i>		699	657	42	6,4	482	423	59	14
Gjörgæsludeild	5	1.019	981	38	3,9	398	326	72	22
Lyflækningadeild	23	7.456	6.822	634	9,3	1.622	1.415	207	15
Kristnesspítali	34	8.129	6.862	1.267	18,5	356	276	80	29
Barnadeild	8	942	857	85	9,9	484	351	133	38
<i>þar af nýburastofa</i>	2	269	234	35	15,0	80	72	8	11
Geðdeild	10	2.596	2.825	-229	-8,1	274	265	9	3
Covid-19 legudeild	5	0	43	-43	-100,0	0	34	-34	-100
Legudeildir	111	28.384	25.476	2.908	11,4	6.330	5.183	1.147	22
Innritunarmiðstöð		588	511	77	15				
Almenn göngudeild *	15	3.766	3.305	461	14				
Kristnesspítali	4	21	126	-105	-83				
Barnadeild, dagdeild	2	116	68	48	71				
Geðdeild, dagþjónusta á legudeild	5	397	294	103	35				
Geðdeild, dagþjónusta Seli		1.346	991	355	36				
Blóðskilun	3	1.034	569	465	82				
Dagdeildir		7.268	5.864	1.404	24				
Samtals	111	35.652	31.340	4.312	14				



* Sjúkrarúm og meðferðarstólar



Kyn og meðalfjöldi dvaladaga (útskriftir)

	Dvalir			Meðalfjöldi legudaga		
	Kvk	Kk	Samtals	Kvk	Kk	Samtals
Skurðlækningadeild	1.106	963	2.069	3,2	2,8	3,0
Fæðingadeild	864	263	1,127	1,9	1,5	1,8
Gjörgæsludeild	193	205	398	2,2	2,9	2,6
Lyflækningadeild	787	835	1,622	4,6	4,6	4,6
Kristnesspítali	214	142	356	22,8	23,0	22,8
Barnadeild	234	250	484	2,1	1,8	1,9
Geðdeild	129	145	274	9,4	9,5	9,5
	3.527	2.803	6.330			

 **12.577**
Aðrar komur á göngudeildir

 **807**
Sjúkraflug





Yfirlit yfir starfsemi

	2017	2018	2019	2020	2021
Sjúklingar (dvalir), legudeildir	6.443	6.300	6.069	5.183	6.330
<i>þar af nýburar</i>	397	411	434	423	482
“ dagdeildir	5.560	5.929	6.041	5.353	6.680
“ innritunarmiðstöð	718	779	798	611	588
Legudagar (fjöldi) legudeildir	29.530	29.129	29.029	25.473	28.384
Meðallegutími (dagar á legudeild)	4,6	4,6	4,8	4,9	4,5
Skurðaðgerðir	3.388	3.403	3.516	2.845	3.181
<i>þar af gerviliða- aðgerðir</i>	363	433	456	331	473
Fæðingar	387	388	403	389	491
Slysideildakomur	17.141	16.549	16.129	13.450	16.019
Almennar rannsóknir	282.365	295.037	284.183	263.465	315.554
Vefjarannsóknir, fjöldi innsendra sýna	3.273	3.175	3.393	3.005	3.455
Myndgreiningar	30.448	30.638	30.465	25.342	31.274
Sjúkrafug	798	806	766	619	807
Ómskoðanir á hjarta	1.614	1.541	1.531	1.462	1.407
Hjartarit	3.120	3.120	3.395	3.007	3.297
Heilalínurit	82	79	87	109	121
Áreynslurit	753	709	659	596	556
Öndunarmælingar	206	156	157	144	194
Holter rit	697	756	692	818	963
Speglanir	1.496	1.239	1.315	1.170	1.318
Setnar stöður (með afleysingum)	488,5	501,8	518,3	517,3	561,6
Rekstrargj. á verðlagi hvers árs (þús. kr.)	8.102.531	8.723.988	9.168.257	9.948.200	11.386.758
Rekstrargj. á föstu verðlagi (þús. kr.)	9.907.109	10.194.215	10.372.782	10.747.935	11.386.758

Ferliverk lækna á göngudeild

Viðtöl	2017	2018	2019	2020	2021
Barnalækningar	1.395	1.118	943	902	976
Barna- og unglíngageðlækningar	167	200	118	25	73
Bæklunarskurðlækningar	2.159	2.294	2.418	1.917	2.635
Geðlækningar	1.454	1.426	1.027	654	715
Háls-, nef- og eyrnalækningar	154	80	69	66	44
Kvensjúkdómalækningar	2.242	2.000	2.045	2.120	2.237
Lyflækningar	5.358	5.959	5.892	4.896	5.529
Skurðlækningar	768	951	1.068	877	1.087
Svæfingalækningar	104	106	96	70	67
Öldrunarlækningar	233	218	308	279	303
Samtals:	14.034	14.352	13.984	11.806	13.666

Önnur göngudeildarþjónusta, komur

	2017	2018	2019	2020	2021
Almenn göngudeild					
Móttaka næringarráðgjafa	105	149	181	127	182
Móttaka hjúkrunarfræðinga	1.638	1.831	1.961	1.871	1.975
Móttaka talmeinafræðings	15	13	8	9	10
Ljósameðferð	2.019	1.624	1.926	1.482	1.824
Heimahlýning*			488	2.935	2.220
Barnadeild					
Móttaka hjúkrunarfræðinga	30	47	20	19	47
Barna-og unglíngageðlækningar	603	550	396	573	561
Göngudeild geðdeildar					
Mótt. félagsráðgj., hj.fr., iðjuþj. og sálfr.	2.157	2.202	2.608	2.162	2.721
Hópameðferð	790	898	883	588	907
Fæðingadeild					
Móttaka félagsráðgjafa	243	153	134	22	22
Móttaka ljósmæðra	2.200	1.875	1.838	1.881	2.108
Samtals	9.800	9.342	10.443	11.669	12.577

* Vitjanir frá 1. nóvember 2019



Þróun í starfsemi

	2017	2018	2019	2020	2021
Sjúklingafjöldi, dvalir/komur á dagdeildir	12.721	13.008	12.908	11.147	13.598
Skurðaðgerðir	3.388	3.403	3.516	2.845	3.181
Komur á bráðamóttöku	17.141	16.549	16.129	13.450	16.019
Ferliverk lækna (viðtöl)	14.034	14.352	13.984	11.806	13.666
Göngudeildarkomur	9.800	9.342	10.443	11.669	12.577
Legudagar (/10)	2.953	2.913	2.903	2.547	2.838
Speglanir	1.496	1.239	1.315	1.170	1.318
Myndgreiningar (/10)	3.045	3.064	3.047	2.534	3.127
Almennar rannsóknir (/100)	28.237	29.504	28.418	26.347	31.555


 **22.535**
Þjónustuþegar

 **6.330**
Fjöldi dvala

 **2.050**
Krabbameins-lyfjablandanir

 **31.274**
Myndgreininga-rannsóknir

Breytingar á starfsemi frá 2017 - 2021, vísitala






Setnar stöður - samanburður milli ára (afleysingar meðt.)


	2021	2020	Breyting
Skurðlækningar	8,4	7,5	0,9
Skurðlækningadeild	42,0	37,7	4,3
Bæklunarskurðlækningar	4,6	4,2	0,3
Svæfinga- og gjörgæslulækningar	6,0	6,0	0,0
Svæfingadeild	6,1	5,8	0,3
Gjörgæsludeild	28,6	24,6	4,0
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	5,9	5,7	0,2
Fæðingadeild	18,3	15,8	2,5
Skurðstofa og sóttþreinsun	20,8	19,2	1,6
Miðstöð heilbrigðisgagnafræðinga	24,5	24,3	0,2
Handlækningasvið	165,3	150,9	14,4
Lyflækningar	10,8	10,5	0,3
Lyflækningadeild m. Covid-19 deild	44,6	42,4	2,2
Geðlækningar	13,1	11,4	1,7
Geðdeild	22,8	20,2	2,6
Endurhæfing og öldrunarlækningar	28,1	27,1	1,0
Kristnesspítali	28,1	23,7	4,4
Barnalækningar	5,8	6,7	-0,9
Barnadeild	13,3	12,1	1,2
Almenn göngudeild	14,5	19,0	-4,5
Heimahlýning	5,0	0,0	5,0
Sjúkrahúsapótek	4,8	4,5	0,3
Lyflækningasvið	190,8	177,6	13,2
Bráðalækningar	3,3	3,1	0,2
Bráðamóttaka	25,1	24,4	0,7
Myndgreiningalækningar	5,8	4,2	1,6
Myndgreiningadeild	15,6	14,7	0,9
Rannsóknadeild	23,1	22,3	0,8
Gæðastjóri	1,5	1,3	0,2
Deild mennta og vísinda	27,7	25,3	2,4
Sjúkraflutningaskólinn	1,2	1,0	0,2
Bráða- og þróunarsvið	103,3	96,3	7,0

	2021	2020	Breyting
Skrifstofa fjármála	9,1	8,8	0,3
Eldhús	20,4	18,6	1,8
Ræstimiðstöð	23,9	20,1	3,8
Öryggisstjóri	1,2	1,0	0,2
Rekstrardeild	20,4	19,6	0,8
Upplýsingatæknideild	11,5	10,7	0,8
Fjármála- og rekstrarsvið	86,5	78,8	7,7
Starfsmannþjónusta	8,4	7,5	0,9
Skrifstofa forstjóra	7,3	6,1	1,2
Skrifstofa forstjóra	15,7	13,6	2,1
Samtals	561,6	517,2	44,4






Skipurit SAK 2021*



* Stjórnendur sviða og deilda/starfseininga í lok árs 2021.



Fastanefndir og ráð*



* Formenn nefnda og ráða í lok árs 2021.

Yfirlit yfir afkomu ársins



	2021	2020
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	9.990.549.034	9.071.149.912
Seld þjónusta	977.086.096	660.567.568
Vörusala	10.075.819	9.588.146
Framlög og ýmsar tekjur	63.572.404	56.385.791
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	196.540.310	162.939.964
Tekjur samtals	11.237.823.663	9.960.631.381
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	8.454.617.913	7.703.426.095
Annar rekstrarkostnaður	2.735.599.429	2.081.833.811
Afskriftir	196.540.310	162.939.964
Gjöld samtals	11.386.757.652	9.948.199.870
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(148.933.989)	12.431.511
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2.409.338	1.162.534
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(382.120)	(21.072)
	2.027.218	1.141.462
Afkoma ársins	(146.906.771)	13.572.973

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

31.12.2021

31.12.2020



Eignir

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir	10.997.447	538.766
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	970.561.573	992.187.364
Farartæki og vélar	20.184.423	24.221.443
Fasteignir	270.924.503	49.183.085
Aðrar eignir	2.076.742	2.337.623
Verk í vinnslu, fasteignir	93.712.785	217.299.862
	<u>1.357.460.026</u>	<u>1.285.229.377</u>
Fastafjármunir samtals	<u>1.368.457.473</u>	<u>1.285.768.143</u>

Veltufjármunir

Birgðir	75.351.297	80.597.531
Viðskiptakröfur	134.257.620	129.426.623
Tengdir aðilar	1.591.413.681	1.150.764.270
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	15.206.880	6.981.834
Handbært fé	13.782.637	24.634.514
Veltufjármunir samtals	<u>1.830.012.115</u>	<u>1.392.404.772</u>
Eignir samtals	<u>3.198.469.588</u>	<u>2.678.172.915</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hrein eign	(429.088.399)	(282.151.628)
Eigið fé samtals	<u>(429.088.399)</u>	<u>(282.151.628)</u>

Skuldir

Tengdir aðilar	90.046.198	73.386.181
Viðskiptaskuldir	338.746.531	479.799.260
Ýmsar skammtímaskuldir	1.099.342.447	1.019.151.549
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	2.099.422.811	1.387.987.553
Skuldir samtals	<u>3.627.557.987</u>	<u>2.960.324.543</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>3.198.469.588</u>	<u>2.678.172.915</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymi ársins 2021



	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins	(146.906.771)	13.572.973
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	196.540.310	162.939.964
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	(196.540.310)	(162.939.964)
	(146.906.771)	13.572.973
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur	(13.056.043)	(11.693.988)
Tengdir aðilar	186.250.966	(324.403.259)
Birgðir	5.246.234	(26.177.392)
Skammtímaskuldir	(60.861.831)	330.758.661
	117.579.326	(31.515.978)
	Handbært fé frá rekstri	(29.327.445)
Fjárfestingarhreyfingar		
Kaupverð óefnislegra eigna	(14.999.999)	(495.732)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	(165.680.087)	(429.831.205)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu	(98.549.554)	(122.166.769)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	0	225.300
	(279.229.640)	(552.268.406)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tengdir aðilar	0	3.658.505
Fjárfestingarframlag	279.229.640	468.447.977
Gjafaframlög til fjárfestinga	18.475.568	80.161.924
	297.705.208	552.268.406
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(10.851.877)	(17.943.005)
Handbært fé í byrjun árs	24.634.514	42.577.519
	Handbært fé í árslok	13.782.637
		24.634.514

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

